



HAFNARFJARÐARBÆR

Skólavogin

verkfæri sveitarfélags í ytra mati þess á grunnskólum

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla
Skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar

FJÁRMÁLARÁÐSTEFNA SVEITARFÉLAGANNA 23. SEPTEMBER 2016
Hilton Hotel Reykjavík Nordica



Samantekt erindis

- Sveitarfélög hafa fengið sjálfstætt verkefni í mati á skólastarfi grunnskóla samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 og kallast það „ytra mat á grunnskólum“ sem skiptist milli ríkis og sveitarfélaga. Tilgangur mats á skólastarfi er að vinna að því að fullnægjandi gæði séu veitt í skólastarfi grunnskóla og stöðug fagþróun eigi sér þar stað. Skólavogin, sem upplýsingaveita upp úr Skólapúlsinum um einstaka grunnskóla, færir sveitarfélögum sem rekstraraðilum þeirra möguleika að vinna á heildstæðari hátt en áður með sjónarmið (viðhorf) innan skólasamfélags (nemendur, foreldrar, starfsfólk) hvers grunnskóla. Í Hafnarfirði hefur verið leitast við að nýta Skólavogina sem verkfæri fræðsluyfirvalda til að öðlast betri yfirsýn á skólastarf einstakra skóla sveitarfélagsins og þess í heild sinni með árlegri skýrslugerð. Það er um leið einn þáttur í ytra mati sveitarfélagsins á skólastarfi þess. Í skýrslugerðinni eru dregnar saman áherslur úr Skólavoginni eftir samræmdri aðferðafræði, út frá niðurstöðum allra skóla á Íslandi sem taka þátt í Skólapúlsinum (þess vegna er mikilvægt að sem flestir skólar á landinu séu þátttakendur í Skólapúlsinum til að samanburðurinn sé sem nákvæmastur), til að upplýsa bæjaryfirvöld um stöðu mála. Með því fær skólasamfélag hvers skóla sömuleiðis upplýsingar um stöðu síns skóla, veikleika og styrkleika þar, svo það eigi auðveldara með að velja sér forgangsverkefni í skólaþróun og taka á aðkallandi verkefnum. Kynnt verða sjónarmið, jákvæð sem neikvæð, yfir þriggja ára tímabil í Hafnarfirði við að nýta sér Skólavogina.
- Mitt sjónarhorn í erindinu – ekki endilega bæjarins eða Sambandsins.

Ytra mat sveitarfélaga í samhengi

- Nýtt verkefni í lögum um grunnskóla nr. 91/2008:
 - **37. gr.** *Ytra mat sveitarfélaga.*
[Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Ráðherra er heimilt að fela Mennta-málastofnun að taka við upplýsingum samkvæmt þessari grein.]¹⁾
Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.
¹⁾[L. 91/2015, 10. gr.](#)
- Á margan hátt enn í mótun hvernig sveitarfélög sinna sínum ytra matsskyldum á skólastarfi grunnskóla.

Matssjónarmið flókin – líkt og lífið sjálft



- Alltaf faglegt álitamál hvernig „gæði“ skólastarfs verða metin á „stórum“ (macro) sem á „smáum“ (micro) skala.
- Mat á
 - „In-put“ – það sem kemur sem með inn í kerfi („meðgjöfin“).
 - „Through-put“ – það sem gerist í kerfinu sjálfu („framleiðslan“).
 - „Out-put“ – það sem kerfið skilar af sér („árangurinn“).
- Hvaða máli skipta þessar áherslur, einar eða saman?
- PISA og samræmd könnunarpróf mest „out-put“ áhersla.
- Skólapúlsinn er að reyna að fást við „through-putið“ – líklega út frá því að „heppilegar aðstæður“ séu líklegri til að auka árangur en ekki.

Skólavogin sem verkfæri í ytra mati

- Skólavogin er úrvinnslu úr gögnum um einstaka skóla sveitarfélaga:
 - Skólapúlsinn (skólar) og Skólavogin (sveitarfélög sem samantekt Skólapúlsins um skóla þeirra) eru þjónustur um mælingar á framkvæmd skólastarfs sem fyrirtækið Vísar efh. rekur.
 - Skólapúlsinn er:
 1. viðhorfakannanir meðal nemenda (úrtak 6.-10. bekk), foreldra (úrtak frá 1.-10. bekk) og starfsmanna (allra) eftir því sem skólar/sveitarfélög kaupa (árlega, 2ja, 3ja ára fresti).
 2. Samantekt á niðurstöðum samræmdra prófa (er þegar opinbert á vef [MMS](#)).
 3. Samantekt úr skólahaldsskýrslum Sambandsins (er opinbert utan Skólavogarinnar).
 - Áhersla þessa erindis er á VIÐHORFAKANNANIR Skólapúlsins.
- Skólavogin er samhæft verkfæri um ytra mat sem sveitarfélög geta keypt aðgang að í dag og er þróað í samstarfi við Sambandið.

Skólavogin og Hafnarfjörður

- Ákvörðun í fræðsluráði Hafnarfjarðar að kaupa aðgang að Skólavoginni og þess vegna yrðu ALLIR grunnskólar í Hafnarfirði að vera þátttakendur í Skólapúlsinum á samræmdan hátt (lykilákvörðun):
 - Skólarnir taka sömu kannanir á sama tíma.
 - Allar viðhorfakannanirnar þrjár teknar árlega (enn sem komið er).
 - Árlega unnin skýrsla um niðurstöður grunnskólanna í Hafnarfirði.
 - Skýrslur verið unnar fyrir þrjú skólaár ([2013-2014](#), [2014-2015](#) og 2015-2016). Skýrslunar eru opinberar og liggja undir fundargerðum fræðsluráðs Hafnarfjarðar frá viðkomandi fundum.



Skólavogsskýrslur Hafnarfjarðar

- Eru heimaunnin smíð:
 - Samhæfð framsetning (sbr. efnisyfirlitið).
 - Tók nokkurn tíma að hanna árið 2014 – byrjaði sem námsverkefni.
 - Reynt að viðhafa samræmi í orðanotkun út frá niðurstöðum, þ.e. notkun lýsingarorða.
 - Sama sniðið notað í þrjú ár, vinnan verið keypt út að mestu við að vinna úr upplýsingum Skólavogarinnar.
 - Heildarupplýsingar um alla skólana.

Efnisyfirlit	
Formáli	3
Samantekt	8
Inngangur	9
1. Skólapúlsinn, Skólavogin og aðferðafræði þeirra	10
2. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð og einstaka skóla	12
2.0 Hafnarfjörður	13
2.1 Áslandsskóli	16
2.2 Hraunvallaskóli	19
2.3 Hvaleyrarskóli	22
2.4 Lækjarskóli	26
2.5 Setbergsskóli	30
2.6 Víðistaðaskóli	33
2.7 Öldutúnsskóli	37
3. Hvað svo?	40
Víðauki	42
Víðauki 1: Samantekt kannana	43
Nemendakönnun	43
Foreldrakönnun	44
Starfsmannakönnun	47
Víðauki 2: Nemendakönnun – útskýringar á spurningum	50
1. VIRKNI	50
1.1 Ánægja af lestri	50

Dæmi um framsetningu í skýrslunni

- Hver skóli og Hafnarfjörður sér eigin stöðu.
- Gefin er litamerking um árangur út frá stöðlun:
 - 5 er meðaltal stöðlunar (um sumt).
 - 4,6-5,4 fær **gulan** lit.
 - Undir 4,5 fær **rauðan** lit.
 - Yfir 5,5 fær **grænan**.
- Litakerfi á að hjálpa til að sjá meginlínur.
- Mælikvarðar í Skólavoginni EKKI alltaf eins.

Nemendakönnun*										
	Áslandsskóli	Hraunvallaskóli	Hvaleyrarskóli	Lækjarskóli	Setbergsskóli	Viðistaðaskóli	Öldutúnskóli	Hafnarfjörður	Sæti af 41	Skólavogin (Landið allt)
Svarhlutfall (%)	91,6	89,0	86,0	60,3	94,0	95,2	89,0	91,0	-	-
1. Virkni										
1.1 Ánægja af lestri	5,1	4,6	4,5	4,5	5,0	5,0	5,2	4,9	23	5,1
1.2 Þrautseigja í námi	6,3	5,6	5,2	5,1	6,0	5,8	5,8	5,7	8	5,6
1.3 Áhugi á stærðfræði	5,7	5,5	4,6	5,8	5,7	5,5	5,5	5,5	15	5,5
1.4 Ánægja af náttúrufræði	5,6	4,3	4,0	4,6	4,7	5,2	5,4	4,8	21	4,9
1.5 Trú á eigin vinnubrögðum í námi	5,3	5,0	4,8	4,6	5,4	5,0	4,9	5,0	9	5,0
1.6 Trú á eigin námsgetu	5,2	4,6	4,3	4,4	5,0	4,9	4,9	4,8	8	4,7
1. Líðan										
2.1 Sjálfsálit	5,5	5,0	4,7	4,4	5,6	5,0	5,0	5,0	14	5,0
2.2 Stjórn á eigin lífi	5,7	4,8	4,7	4,6	5,6	5,0	5,0	5,0	12	5,0
2.3 Velliðan	5,7	4,8	4,7	4,1	5,6	5,0	5,0	4,6	17	4,6
2.4 Einelti**	4,6	5,6	5,5	6,4	4,8	5,5	5,3	5,4	19	5,3

Framsetning fyrir hvern skóla

- Hver skóli fær eigin samantekt.
- Farið yfir hverja könnun og hvern undirlið, t.d. virkni, líðan (nemendakönnun).
 - Niðurstöður skoðaðar út frá upphaflegri stöðlun landsins.
 - Sérstök samantekt í lokin með ábendingum og sérstaklega horft til með breytingar frá fyrra ári og hvort árangur hafi breyst milli ára.



Samantekt og ábendingar í nemendakönnun eru öll svör um eða yfir meðaltali Skólavogaráttarinnar. Í foreldrakönnun er fjórðungur svara yfir meðaltali og í starfsmannakönnun tæplega helmingur yfir meðaltali. Í ljósi þeirra niðurstöðna sem hefur verið lýst, eru hér ábendingar um atriði sem þarf að greina og skoða frekar og taka til umbótavinnu:

- Stuðningur við kennara vegna nemenda með náms- og hegðunarerfiðleika.
- Samráð um kennslu.
- Úrvinnsla eineltismála.
- Starfsaðstaða og vinnuáætlæður kennara.
- Hlufall nemenda í sérkennslu með einstaklingsáætlun.

Breytingar í Skólapólsinum núna í ljósi sjónarmiða sem komu fram fyrir ári síðan:

- Starfsumhverfi kennara**
Starfsfólk mat stuðning við kennara vegna hegðunaröruggleika nemenda með samráð um kennslu undir meðaltali Skólavogaráttarinnar skólaárið 2013-2014 en þeir þættir eru undir meðaltali í ár sömuleiðis.
- Vinnuáætlæður í skólanum**
Áðstaða í skólanum er áfram metin vel undir meðaltali af kennurum/starfsfólki og foreldrum en þeir meta hana lægst allra skólanna í bænum (3,6/5,0) þar sem meðaltal bæjarins er 4,5.



Hvað má lesa yfir þrjú skólaár í Hafnarfirði?

- Sumar upplýsingar eru samhljóða yfir öll árin í flestum skólum, t.d. um aðstöðu starfsfólks.
- Sumt breytist milli ára í sama skóla, t.d. gagnvart stjórnun skóla, en kannski ekki í öðrum skólum um sama þátt.
- Sumir þættir fá frekar slæma niðurstöðu ár eftir ár, t.d.
 - Aðstaða í skólum og aðgangur að tölvum.
 - Starfsemi frístundaheimila – sem þó getur verið aðeins mismunandi milli skóla.
- Sumir þættir mjög mismunandi milli skóla, allt frá „háu“ til „lágs“ gildis.

Hvað er truflandi í öllu þessu kannanafargani?

- Vandí að fjöldi kannana er í gangi sem ekki er hægt að samnýta, t.d. starfsmannakönnun sveitarfélags, alþjóðleg, meistaraverkefni. Afleiðingin? Lítil jákvæðni fyrir könnunum (hvar á að svara könnunum í „vinnumatinu“?)?
- Ofgnótt upplýsinga og mikil áhersla/fjármagn í söfnun upplýsinga en lítið í úrvinnslu (umbætur). Bjargirnar á röngum stöðum í ferlinu?
- Langt ferli frá upplýsingaöflun í sýnileika á árangri í umbóta- verkefnum svo illa sést með tilgang þess að taka þátt í könnunum, þ.e. illa farið með „tíma“ kennara.

Hvað má segja um reynsluna í Hafnarfirði?

- Erum enn að læra að vinna með upplýsingar sem fást í Skólapúlsinum, t.d. eru einhvers staðar hættumörk? 3,5; 4; 4,5 eða eitthvað annað?
- Dugar svona upplýsingaöflun/-gjöf eða þarf að setja á frekari eftirfylgni til að tryggja að unnið sé að úrbótum?
- Umræða um hve oft skal gera kannanir því mikil vinna fylgir að fá næga þátttöku, sérstaklega frá foreldrum! **Nú seld þjónusta að hringja í foreldra til að tryggja næga svörun.**
- Mikilvægt að sem flest sveitarfélög séu með í Skólavoginni til að bera sig saman við (fækkun milli ára í sumum könnunum). Samhæfa?

Framhaldið

- Umræða um heppilegan tíma fyrir gagnasöfnun, þ.e. að árleg upplýsingasöfnun sé of mikil og mikið álag á starfsfólk skólanna að fylgja eftir þátttöku.
- Höfum ekki séð hvort eftirfylgni sé nægileg, þ.e. þarf að setja inn ráðgjöf/eftirfylgni í skólana til að fylgja eftir umbótatillögum sem stuðning?
- Vandí að setja upplýsingar fram þannig að umræðan verði í framhaldinu ekki á „neikvæða“ þætti frekar en það sem „betur megí gera“ eða það sem „vel er gert“.
- Er Skólavogin það eina sem hjálpar sveitarfélögunum að fá „raunhæfa“ yfirsýn á ákveðna þætti skólastarfsins – til að þurfa ekki að reiða sig á sögusagnir og einstaka kvartanir?
- Skólavogsframkvæmdin er enn í mótun og þróun í Hafnarfirði, þ.e. ekki komin að neinni endastöð og margt sem gera má betur.